

Ágúst 2022



Land og líf

Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt

Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu
og skógrækt til ársins 2031

Land og líf

Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.
Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26, 4. hæð – 105 Reykjavík
545 9700 – mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla: Matvælaráðuneytið

Ágúst 2022 | ISBN 978-9935-9669-1-9

©2022 Matvælaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Ávarpsorð Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra	4
Inngangur	6
Framtíðarsýn og áherslur til 2031	10
1. Heil og fjölbreytt vistkerfi	12
2. Náttúrumiðaðar lausnir	16
3. Sjálfbær landnýting	22
4. Þekking, samstarf og lýðheilsa	25
5. Jákvæð byggðapróun	29
Víðauki I: Tillögur verkefnastjórna	32
Víðauki II: Orðskýringar	36

Myndaskrá

Mynd 1 Gerð og útgáfa heildstæðrar stefnu í landgræðslu og skógrækt.	7
Mynd 2 Tengsl við aðrar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar.	8
Mynd 3 Áherslur í stefnu um landgræðslu og skógrækt 2022-2031.	11
Mynd 4 Hvernig gæði landsins eru best varðveitt.	13

Ávarpsorð

Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra



Búseta mannsins og misblítt tíðarfar hefur haft ápreifanleg áhrif á umhverfi og náttúru landsins. Þannig er það ekki nýtt viðfangsefni að huga að landinu, jarðveginum og nýtingu hans. Nú á tímum loftslagsvárs og fordæmalausrar hnignunar líffræðilegrar fjölbreytni á jörðinni verður áherslan á þessi viðfangsefni enn brýnni hér á landi og um allan heim. Landið sér mannkyninu fyrir stærstum hluta fæðu. Þetta kemur berlega í ljós þegar ein stærsta kornframleiðsluþjóð heims á í stríði. Þá verður allur heimurinn var við það.

Landið geymir mikið magn kolefnis. Ef við nýtum land á sjálfbæran hátt þá tekst okkur að varðveita það og jafnvel að auka uppsöfnun kolefnis. Eitt einkenni ósjálfbærrar landnýtingar er þegar kolefni tapast úr jarðvegi. Þetta blasir hins vegar ekki við, nema þegar jarðvegur fýkur eða rennur burt vegna jarðvegsrofs og gróðurþekja hefur rofnað. Rask á kolefnisríku landi leiðir til taps á kolefni. Þetta á sér t.d. stað þegar mómyrar eru þurrkaðar eða þegar gróðurþekja skerðist vegna ofnýtingar, byggðar eða framkvæmda. Kolefni í jarðvegi er því vísir um sjálfbærni landnýtingar.

Okkur er ekki alltaf ljóst hvað landið okkar hefur upp á að bjóða, hver geta þess er til að framleiða gæði, eða hver eðlileg starfsemi og uppbygging vistkerfa gæti verið. Landið ber oftast einkenni aldalangrar nýtingar og hver kynslóð upplifir ekki miklar breytingar. Við erum hluti af því umhverfi sem við búum í. *Vistgeta* er hugtak sem við ættum að temja okkur að nota því það lýsir einmitt þessu, hvernig vistkerfi gætu þrífist á hverjum stað.

Áherslur mínar í matvælaráðuneytinu eru á að efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar. Þetta þýðir að vanda þarf til verka við undirbúning aðgerða og einnig að taka þarf tillit til einstakra eininga vistkerfis við nýtingu þess.

Til að ná árangri í baráttu við loftslagsvána þarf að efla náttúrumiðaðar lausnir sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) fela náttúrumiðaðar lausnir í sér aðgerðir sem vernda, stýra á sjálfbæran hátt og endurheimta náttúruleg eða breytt vistkerfi. Þær takast á við samfélagslegar áskoranir með skilvirkum og sveigjanlegum hætti og stuðla samtímis að velferð manna og náttúrulegum fjölbreytileika. Þetta getur átt við æði margt en landgræðsla og skógrækt falla undir náttúrumiðaðar lausnir sem geta uppfyllt öll þessi skilyrði.

Ég legg mikla áherslu á að matvælaframleiðsla byggji á sjálfbærri nýtingu, hvort sem er lands eða sjávar. Okkur hefur ekki gengið vel að ná sameiginlegum skilningi á því hvað felst í sjálfbærri nýtingu. Ásættanlegt frávik ástands lands frá vistgetu er sú nálgun sem við viljum fara í að skilgreina sjálfbæra landnýtingu. Þannig skiptir máli að gróðurþekja nytjaland sé sem heillegust og að það beri sem minnst merki jarðvegsrofs.

Þekking er undirstaða þess að við skiljum og því eru rannsóknir nauðsynlegar. Rannsóknir í landgræðslu og skógrækt þurfa að taka fyrir margvísleg og flókin álitæfni. Fáir sérfræðingar sinna slíkum rannsóknum hér á landi og því er samstarf nauðsynlegt til að nýta vel fjármagn og þekkingu.

Verkefni í landgræðslu og skógrækt verða ekki unnin af ríkinu einu. Þróun síðustu áratuga hefur verið sú að verkefnin hafa í auknum mæli færst til bænda og félagasamtaka. Við getum gert enn betur í þeim efnum þannig að unnið verði með sveitarfélögum að stefnumótun á sviði landgræðslu og skógræktar sem birtist í þeirra skipulagsáætlunum. Einnig getum við unnið meira með bændum og öðrum landeigendum að greiningu og skipulagi aðgerða á jörðum í einkaeigu. Vísir að slíku verkefni er *Loftslagsvænn landbúnaður* sem Landgræðslan og Skógræktin stýra ásamt Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Það verkefni mun stækka á næstu árum og leggur þar með grunn að nýrri nálgun í stuðningi við landbúnað.

Síðustu hundrað ár hefur hér verið unnið að því að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu, endurheimta töpuð vistkerfi og byggja upp skóga. Þetta hefur byggt á þeirri sýn að ástand lands megi bæta og að hér séu tækifæri til ræktunar skóga til nytja, útivistar og skjóls.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að stefnumótun fyrir landgræðslu og skógrækt í samræmi við þau lög sem um þessa málaflokka gilda. Til þess skipaðar verkefnisstjórnir skiluðu tillögum að stefnu til matvælaráðuneytisins og í samræmi við lög hefur verið unnið að samræmingu þeirra. Komið hefur á daginn að talsverð samlegð er í þeim markmiðum og aðgerðum sem verkefnisstjórnirnar hafa skilgreint í sinni vinnu. Í því skyni að skerpa heildarsýn og gera framkvæmd laganna markvissari tók ég þá ákvörðun að til yrði ein samþætt heildaráætlun, **Land og líf**.

Með þessari áætlun leggja bæði landgræðsla og skógrækt sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Til verða atvinnutækifæri í ríkari auðlindum og nýting byggir á sjálfbærum grunni. Auk þess eru slík verkefni til þess fallin að auka viðnámsþrótt byggða gegn loftslagsvá og geta verið liður í aðlögun samfélaga að þeim breytingum.

Áætlunin markar sýn stjórnvalda til næstu 10 ára fyrir verkefni í landgræðslu og skógrækt og skilgreinir aðgerðir sem unnið verður að á næstu fimm árum.

Svandís Svavarsdóttir

Matvælaráðherra



Inngangur

Ný lög um landgræðslu voru samþykkt á Alþingi haustið 2018 og um vorið 2019 voru einnig samþykkt ný lög um skóga og skógrækt. Lögin kveða á um að ráðherra skuli gefa út, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt sem gildi til 10 ára í senn. Í þeim skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt með hliðsjón af markmiðum laganna.

Skipaðar voru tvær verkefnisstjórnir í júní 2019 sem höfðu það hlutverk að móta tillögur að þessum tveimur áætlunum. Verkefnisstjórnirnar tvær unnu að sínum tillögum og kynntu þær í opnu samráði á vormánuðum 2021. Í kjölfarið skiluðu verkefnisstjórnirnar tillögum sínum til ráðuneytisins, ásamt umhverfismati og samantekt á helstu athugasemdum sem bárust í samráðsferlinu, auk viðbragða við þeim. Minnihlutaálit barst ráðuneytinu frá verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt.

Í samræmi við 6. gr. laga um landgræðslu og 4. gr. laga um skóga og skógrækt hefur matvælaráðuneytið unnið að samræmingu þessara tveggja áætlana, auk minnihlutaálits. Sú vinna hefur leitt í ljós að talsverð samlegð felst í markmiðum og áherslum tillagna verkefnisstjórnanna þó lítið samstarf hafi verið þeirra á milli. Í greinargerð með frumvörpum til laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt segir um skyldu ráðherra til að samræma áætlanirnar tvær: „Ákvæðið opnar fyrir að ráðherra geti samræmt vinnu við áætlanagerðina og/eða sameinað áætlanirnar eftir að tillögur verkefnisstjórna liggja fyrir.“


Matvælaráðherra leggur því fram eina samþætta heildaráætlun þar sem þau markmið og aðgerðir sem settar eru fram í tillögum verkefnisstjórnanna birtast undir áherslum ráðherra. Áætlunin ber yfirskriftina **Land og líf – Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031**.

Við sameiningu tillagnanna var einkum horft til þriggja meginatriða:

- Að sameina markmið og aðgerðir úr tillögum verkefnisstjórnanna tveggja þar sem það þótti eiga við.
- Að stytta og mögulega breyta umfjöllun um einstök atriði úr tillögnum til að gera textann aðgengilegan fyrir almenning.
- Að leggja mat á hvort aðgerðir sem lagðar eru fram í tillögnum séu í samræmi við áherslur sem fram koma í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Til að tryggja gagnsæi í vinnunni hafa tillögur verkefnisstjórnanna verið birtar í heild sinni á vefsíðu matvælaráðuneytisins, auk minnihlutaálits og samantekt athugasemda úr samráðsferli.¹ Einnig má nálgast stutta samantekt á framtíðarsýn og markmiðum tillagnanna tveggja, auk helstu atriða minnihlutaálits, í viðauka I.

Samhliða útgáfu stefnunnar er gefin út fimm ára aðgerðaáætlun með 27 aðgerðum sem miða að því að hrinda stefnunni í framkvæmd.² Stefnan og aðgerðaáætlunin eru endurskoðuð á fimm ára fresti eins og lög um landgræðslu og lög um skóga og skógrækt gera ráð fyrir.




Mynd 1. Gerð og útgáfa heildstæðrar stefnu í landgræðslu og skógrækt.

Samþætting við aðrar stefnur og áætlanir

Stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt felur í sér framtíðarsýn, gildi og áherslur í málaflökknum og endurspeglast að verulegu leyti í þeim lögum sem gilda um málaflökkinn. Stefnan ræðst einnig af þróun mála á alþjóðlegum vettvangi og skuldbindingum Íslands í samstarfi við aðrar þjóðir, svo sem á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana. Stefnan getur falið í sér ýmis atriði sem ekki hafa verið fest í lög, þ.m.t. markmið til langs tíma og aðra þætti sem leggja grunn að lögum og reglugerðum framtíðarinnar. Stefnan ræðst einnig af pólitískum áherslum og umbótum á hverjum tíma sem stjórnvöld hyggjast framkvæma og greint er frá í stefnunni fyrir einstök málefnasvið og málaflökka. Framkvæmd stefnunnar kemur svo fram í aðgerðaáætlunum, ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda, reglugerðum og lögum.

¹ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/04/01/Tillogur-ad-landsaaet-lun-i-skograekt-og-landgraedsluaaetlun-samraemdar-i-matvaelaraduneytinu/>

² Sjá nánar aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026, útgefin í ágúst 2022.



Mynd 2. Tengsl við aðrar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar.

Lykilviðfangsefni

Lykilviðfangsefni stefnu um landgræðslu og skógrækt eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Stefnan fjallar um hvernig megi vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Gróður og jarðvegur geyma mikið kolefni. Með því að stuðla að frekari bindingu kolefnis og koma í veg fyrir að kolefni losni úr gróðri og jarðvegi er dregið úr áhrifum landnotkunar á loftslag. Ýmis annar ávinningur getur fylgt slíkum aðgerðum sé rétt að þeim staðið, s.s. efling líffræðilegrar fjölbreytni, bætt miðlun vatns, jarðvegsvernd og aukin framleiðni lands.

Ræktun nýrra skóga miðar að uppbyggingu auðlindar sem hægt er að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið til framtíðar. Það þarf að gerast á þann hátt að ekki verði gengið á önnur gæði og að tekið sé tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Vísindin á bak við samspil landnotkunar og loftslagsmála eru ekki einföld enda um mjög mismunandi aðstæður að ræða og flókin vistkerfi. Þess vegna þarf þessi stefna að fjalla um hvernig við bætum þekkingu á þessu samspili, kolefnisjöfnuði og losunarbókhalda landsins.

Ábyrgðarskipting

Margir aðilar koma að framkvæmd stefnu um landgræðslu og skógrækt og kallar hún á samvinnu ýmissa aðila. Ríkið gegnir lykilhlutverki sem stefnumótandi aðili og löggjafi og birtist stefnumótandi hlutverk ríkisins m.a. í þessu skjali. Opinberar stofnanir eins og Skógræktin og Landgræðslan hafa samkvæmt lögum skilgreint hlutverk á sviði söfnunar upplýsinga, samstarfs og aðgerða.

Sveitarfélög marka stefnu um landnotkun í sínum skipulagsáætlunum, með lýðræðislegri aðkomu, og því er mikilvægt að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum grunnögnum og leiðbeiningum um ástand vistkerfa og mögulega vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu þeirra og tækifæri til uppbyggingar gróður- og jarðvegsauðlindarinnar.

Landeigendur á Íslandi hafa mikið um það að segja hvernig gengur að framfylgja stefnu sem tekur til landnotkunar. Um langt árabíl hafa landeigendur getað notið stuðnings við ýmis verkefni í landgræðslu og skógrækt, s.s. til uppgræðslu, skógræktar á lögbýlum og síðar til endurheimtar votlendis. Ríkið er stór landeigandi og getur gengið á undan með góðu fordæmi.

Þátttaka almennings í landgræðslu- og skógræktarstarfi er afar mikilvæg og hafa t.d. félagasamtök getað notið opinbers stuðnings við slík verkefni um árabíl. Einstaklingar hafa auk þess lagt til vinnu í sjálfbóðaliðastarfi við að auka landgæði á Íslandi í formi skógræktar og endurheimt vistkerfa.

Atvinnulífið hefur um langt skeið unnið að landgræðslu og skógrækt og síðustu ár hefur áhugi á því aukist verulega, ekki síst í ljósi loftslagsmála. Þessi stefna getur verið leiðbeinandi um verklag og verkefni fyrir einkaaðila.



Framtíðarsýn og áherslur til 2031

Framtíðarsýn

Með það að leiðarljósi að auðlindir þjóðarinnar, sem eru fólgnar í gróðri og jarðvegi, verði verndaðar, endurheimtar og efldar og að tryggð verði sjálfbær nýting þeirra er eftirfarandi framtíðarsýn fyrir landgræðslu og skógrækt á Íslandi sett fram:

- **Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu.**
- **Nýting skóga, votlendis og annarra vistkerfa er sjálfbær og þau hafa öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski.**
- **Vistkerfi landsins geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í að Ísland bindi meira kolefni en það losar.**
- **Aukin landgæði í skógum og blómlegri vistkerfum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og eykur þanþol samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum.**
- **Land býr yfir gæðum sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og sjálfbæra þróun byggða um allt land.**

Áherslur

Til þess að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika eru settir fram fimm áhersluþættir sem draga fram meginviðfangsefni stefnunnar:

1. Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.
2. Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuld-bindingum.
3. Stuðla að sjálfbærri landnýtingu.
4. Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu.
5. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.



Mynd 3. Áherslur í stefnu um landgræðslu og skógrækt 2022-2031.

Meginviðfangsefni stefnunnar eru nátengd innbyrðis og í næstu köflum er fjallað sérstaklega um hvern áhersluþátt og markmiðin sett fram í kjölfarið.



1. Heil og fjölbreytt vistkerfi

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

- Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er ein af stærstu áskorunum samtímans og hefur ófyrirséð áhrif fyrir vistkerfi jarðar og samfélög. Verndun vistkerfa er því afar mikilvæg.
 - Náttúruskógar og votlendi eru mjög mikilvæg vistkerfi í náttúru Íslands sem hafa fjölbreytt umhverfsgæði í för með sér. Þau gæði sem eru hvað mikilvægust eru binding og geymsla kolefnis, jarðvegsvernd, vatnsmiðlun, vernd gegn náttúruvá, eins og öskufoki og flóðum, skjól og að vera búsvæði margra lífverutegunda.
-

Mjög stórum hluta af vistkerfum landsins hefur verið raskað og virkni þeirra skert. Um helmingi votlendis hefur verið raskað, meirihluti mólendis er í hnignuðu ástandi og stórum hluta birkiskóga hefur verið eytt. Þetta hefur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, eykur hættu á útbreiðslu ágengra framandi tegunda, raskar hringrásum næringarefna, vatns og orku, skerðir lífsgæði og framtíðar auðlindir, hefur neikvæð áhrif á kolefnisforða og kolefnisbindingu, sem og viðnámsprótt og þanþol vistkerfa.

Gæði lands

Mikilvægt er að horfa til þess hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla megj og endurheimta vistkerfi á grunni vistkerfisnálgunar. Vistkerfisnálgun felur í sér sambættingu stjórnunar lands, vatns og lífríkis sem ýtir undir verndun og sjálfbæra nýtingu með jöfnuð að leiðarljósi. Í vistkerfisnálgun þarf að taka tillit til allra þátta vistkerfis og mögulegra áhrifa nýtingar á einstaka þætti þess. Gæði lands eru best varðveitt með því að a) vernda náttúruleg vistkerfi sem enn má teljast heilleg, b) nýta auðlindir með sjálfbærum hætti og c) endurheimta þau vistkerfi sem hafa hnignað.



Mynd 4. Hvernig gæði landsins eru best varðveitt.

Ákvarðanir tengdar vernd, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt þurfa að byggja á bestu fræðilegri þekkingu hverju sinni og því þarf vöktun umhverfispáttá, ástands lands og upplýsingagjöf að vera hornsteinn stefnumótunar og ákvarðanatöku.

Samþætta þarf verndun og endurheimt vistkerfa við önnur umhverfismarkmið, eins og baráttu gegn loftslagsbreytingum, vörn gegn útbreiðslu ágengra framandi tegunda og nýtingu lífræns úrgangs. Með því að vernda og endurheimta vistkerfi vinnur Ísland að ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum, til dæmis varðandi verndun líffræðilegrar fjölbreytni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum.

Úr tillögu að landgræðsluáætlun

„Möguleikar okkar til verndar og endurheimtar vistkerfa eru gríðarlegir sem og meðfylgjandi efnahagslegur og loftlagstengdur ávinningur sem fylgir virkum og fjölbreyttum vistkerfum. Nýtingarmöguleikar aukast einnig umtalsvert því heil vistkerfi hafa mun öflugri viðnámsþrótt og þanþol en röskuð.“

Náttúruskógar og votlendi

Náttúruskógar og votlendi eru mikilvæg vistkerfi margra lífverutegunda og líffræðilegrar fjölbreytni í víðara samhengi. Þau geyma einnig mikið magn kolefnis, ekki síst

í jarðvegi. Þessum vistkerfum hefur verið raskað verulega og er vernd þeirra því einn af hornsteinum gróður- og jarðvegsverndarstarfs á Íslandi.

Mikilvægt er að vernda þær skógarleifar og náttúruskóga sem fyrir eru og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra með sjálfsáningu. Mikill ávinningur er af slíkri vernd fyrir líffræðilega fjölbreytni og uppbyggingu jarðvegs. Á sama tíma og stóraukin áhersla er lögð á endurheimt votlendis hér á landi er brýnt að koma í veg fyrir frekari framræslu óraskaðs og lítt raskaðs votlendis og vernda þau votlendisvistkerfi sem enn eru óröskuð.

Úr tillögu að landsáætlun í skógrækt

„Birki er tiltölulega skammlíf trjátegun og því er mikilvægt að það nái að endurnýja sig. Vegna eiginleika þess sem frumherjatrjátegunar á það auðveldara með að fjölga sér út á skóglaut land en inni í skógum. Sáning út á skóglaus svæði er hluti af eðli íslenskra náttúruskóga og vernd þeirra felst m.a. í því að stuðla að aukinni útbreiðslu.“

Búfjárbætur getur haft mikil áhrif á árangur aðgerða sem miða að því að auka sjálfræðslu lands og útbreiðslu náttúruskóga og þarf að stýra búfjárbætur með markvissum hætti til að ná fram auknum árangri. Unnið verður með bændum, sveitarfélögum og stjórnvöldum að því að finna lausnir sem vinna að markmiðum um aukna útbreiðslu náttúruskóga.

Rannsóknir og vöktun

Efling landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis er skilgreind sem mikilvæg aðgerð í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá árinu 2021 kemur fram að sett verði metnaðarfull markmið um samdrátt í losun vegna landnotkunar og áhersla lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis. Í samræmi við þessar áherslur er mikilvægt að huga að áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega fuglastofna.

Ísland ber ábyrgð á fuglategundum sem þrífast best á bersvæði og aðgerðir í loftslagsmálum s.s. aukin skógrækt geta haft neikvæð áhrif á afkomu þessara tegunda og upplýsingar um þessi áhrif eru grundvöllur að upplýstri ákvarðanatöku hvað varðar breytingar á landnotkun. Jafnframt er þörf fyrir frekari rannsóknir og vöktun á áhrifum landgræðslu og endurheimtar votlendis á stofnstærðir fugla og annars lífríkis.

Markmið stjórnvalda er að samþætta stefnu í loftslagsmálum, jarðvegsvernd og líffræðilegri fjölbreytni. Í ljósi stefnu stjórnvalda um eflingu aðgerða í þágu loftslagsmála

þarf að huga m.a. að hvort notkun framandi tegunda í skógrækt hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Því er talin ástæða að unnið verði áhættumat fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt og að útbúnar verði leiðbeiningar um notkun þeirra, hvernig haga eigi vali á landi og að hverju þurfi að gæta. Val á landi til skógrækta þarf ávallt að taka tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags og skógrækt skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Markmið 2022-2031



Til að tryggja að vistkerfi verði heil og fjölbreytt og stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, aukna útbreiðslu náttúruskóga og vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni, verði unnið að eftirfarandi markmiðum til ársins 2031:

1. Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa
2. Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa
3. Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi

Hver verður staðan 2031?



- Vistkerfisnálgun er ráðandi í allri stefnumótun og ákvörðunum tengdri stjórnun og nýtingu vistkerfa á landi.
- Stefnumótandi ákvarðanir tengdar vernd, endurheimt, ræktun skóga og nýtingu lands eru samþættaðar innan stjórnkerfisins, þvert á málaefnasvið og stjórnsýslustig.
- Ákvarðanir og framkvæmdir tengdar vernd og endurheimt vistkerfa eru skýr og byggja á vistfræðilegum nálgunum, þáttökunálgunum og bestu fánlegu þekkingu hverju sinni.



2. Náttúrumiðaðar lausnir

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

- Markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi verður einungis náð með markvissri verndun vistkerfa, endurheimt raskaðra vistkerfa og aukinni bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.
 - Tap kolefnis úr jarðvegi rýrir gæði hans til langs tíma, þ.m.t. gæði til ræktunar og framleiðslu.
-

Náttúrumiðaðar lausnir er tiltölulega nýtt hugtak þó aðferðirnar hafi verið notaðar lengi. Hugtakið nær yfir fjölda vistkerfistengdra nálgana eins og vistkerfisbundna aðlögun (e. ecosystem-based adaptation) og græna innviði. Með þeim er leitast við að hámarka getu náttúrunnar til að veita vistkerfisþjónustu sem hjálpar við aðlögun að loftslagsbreytingum, vinnur gegn tapi á líffræðilegri fjölbreytni, minnkar áhættu tengda hamförum og tryggir matvælaöryggi. Náttúrumiðaðar lausnir efla því ekki aðeins umhverfið heldur má einnig búa svo um að þær skapi félagslegt, menningarlegt og fjárhagslegt virði.

Náttúrumiðaðar lausnir geta unnið að fjölbættum markmiðum, s.s. aukið möguleika bænda til að framleiða gæði af sínu landi, hvort sem það er nytjaskógur, aukin líffræðileg fjölbreytni í endurheimtu votlendi eða uppgrætt land sem nýtist til beitar og er mögulega kjörið búsvæði fugla. Huga þarf að markmiðum um vernd vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu fyrir matvælaframleiðslu framtíðarinnar.

Efling náttúrumiðaðra lausna er mikilvægur liður í að auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gegn náttúruvá, svo sem öskufalli, flóðum og gróðureldum, ekki síst í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig þarf að huga að því að náttúrumiðaðar lausnir verði nýttar sem víðast til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmda sem raska gróðri og jarðvegi.

Kolefnisforði í gróðri og jarðvegi

Saman eru gróður og jarðvegur einn stærsti kolefnisgeymir jarðar. Við skógrækt og uppgræðslu lítt gróins lands verður aukning á kolefnisforða þess. Hér á landi má stóraka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi en jafnframt er mikilvægt að kolefnisrík vistkerfi séu vernduð gegn raski.

Vísindin á bak við samspil landnotkunar og loftslagsmála eru ekki einföld enda um mjög mismunandi aðstæður að ræða og flókin vistkerfi. Mikilvægt er að bæta þekkingu varðandi samspil landnotkunar og loftslagsmála. Þetta á við um þekkingu varðandi kolefnisforða í jarðvegi á Íslandi og í vistkerfum og breytingar á honum. Landgræðslan og Skógræktin eru þar í lykilhlutverki. Vinna þarf að rannsóknum á kolefnisjöfnuði lands, þ.e. kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri og losun gróðurhúsalofttegunda frá landi, og setja fram kort sem sýnir kolefnisforða landsins. Áhersla er á að bæta þekkingu á kolefnisjöfnuði mólendis, kolefnisbindingu vegna sjálfgræðslu birkis og víðis og kolefnisbúskap votlendis.

Eyðing gróðurs og jarðvegs hefur leitt til taps á miklum hluta kolefnisforða landsins og áframhaldandi losun kolefnis frá röskuðum vistkerfum vegur þyngst í losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi. Þar er losun frá framræstu votlendi og hnignandi mólendi talin skipta mestu. Vinna þarf að því að tryggja verndun kolefnisforða hnignaðs lands, hvort sem það felur í sér að breyta landnýtingu eða fara í beinar aðgerðir sem miða að því að auka virkni þessara vistkerfa, þar með talið árlega uppskeru og kolefnisbindingu.

Úr tillögu að landgræðsluáætlun

„Vernd og endurheimt vistkerfa hafa verið viðfangsefni íslenskra stjórnvalda í rúma eina öld og skilað miklum árangri við að stöðva hraðfara landeyðingu, auk þess sem stór svæði hafa verið grædd upp. Þrátt fyrir að töluvert hafi áunnist vantar enn mikið upp á að ástand vistkerfa landsins sé í samræmi sem það sem umhverfisaðstæður bjóða, eða með öðrum orðum sé í takt við áætlaða vistgetu. Vistgeta lands endurspeglar hvert besta ástand gróðurs og jarðvegs gæti verið miðað við það loftslag sem ríkir á viðkomandi svæði. Vistgeta lands minnkar með aukinni hæð yfir sjávarmáli, m.a. vegna þess að vaxtartímabil plantna styttest.“

Endurheimt vistkerfa og skógrækt

Náttúrumiðaðar lausnir sem byggja á verndun og endurheimt vistkerfa og ræktun skóga eru lykilatríði til að Íslandi nái kolefnishlutleysi árið 2040. Þegar kemur að endurheimt vistkerfa er áhersla á að skipuleggja aðgerðir út frá landslagsheildum, en slík nálgun

eykur fjölbreytni á stórum kvarða og eykur líkur á endurheimt samfelldra vistkerfa, náttúrulegs lífríkis og vistkerfajónustu. Fyrirmynd slíkra verkefna er t.a.m. *Heklu-skógaverkefnið* þar sem auk endurheimtar birkiskóga fer fram fjölbreytt landnotkun og starfsemi.

Miðað er að því að flatarmál nýrra endurheimtarsvæða verði um 100 þúsund ha fram til ársins 2031, þar af um 70 þúsund ha á rofnu mólendi. Áætluð heildarbinding er um 31 þúsund tonn koldíoxíðsígilda. Auk þess er miðað við að flatarmál nýrra svæða þar sem unnið er að endurheimt birkiskóga verði orðið um 350 þúsund ha árið 2031, m.a. sem hluti af Bonn-áskorun stjórnvalda. Áætluð heildarbinding er um 140 þúsund tonn koldíoxíðsígilda.³⁴

70.000 ha

af rofnu mólendi endurheimtir

350.000 ha

nýrra svæða þar sem unnið verður að endurheimt birkiskóga

Endurheimt votlendis þjónar mörgum markmiðum og í ljósi þess hversu stórum hluta votlendis hér á landi hefur verið raskað er mikil áhersla lögð á þessa aðgerð. Stefnt er á að endurheimt verði minnst 5.300 ha af röskuðu votlendi árið 2026 og 15.600 ha árið 2031, eða í heildina um 6% af þegar röskuðu votlendi. Áætlaður samdráttur í losun er um 310 þúsund tonn koldíoxíðsígilda. Til þess að þetta markmið náist þarf að byggja upp gott samstarf við bændur og aðra landeigendur.

15.600 ha

af röskuðu votlendi endurheimt

Ræktun skóga á áður skóglausu landi hefur umhverfisbreytingar í för með sér, þ.m.t. breytingar á þeim vistkerfum sem fyrir eru. Val á landi til skógræktar felur því í sér verulega ábyrgð. Mikilvægt er að það val hámarki jákvæð umhverfisáhrif en lágmarki þau neikvæðu, ekki síst hvað varðar búsvæði lífverutegunda. Önnur gæði svo sem útsýni og ásýnd lands ber að skoða með sömu augum. Taka verður tillit til umhverfispáttu og umhverfisgæða ekki síður en til efnahagslegra og samfélagslegra þátta þegar teknar eru ákvarðanir um landval til skógræktar og meðferð og nýtingu skóga.

³ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/16/Meir-en-threfoldun-i-en-durheimt-birkiskoga-2030/>

⁴ Sjá nánar: <https://www.bonnchallenge.org/>



Í dag eru um 40 þúsund ha ræktaðra skóga á Íslandi og gert er ráð fyrir gróðursetningu í um 15 þúsund ha til viðbótar fram til ársins 2031. Áætluð heildarbinding er um 141 þúsund tonn koldíoxíðsigilda. Áhersla verður á að ljúka ræktun í löndum bænda og annarra landeigenda sem þegar hafa verið skilgreind til skógræktar, einkum í skógrækt á lögbýlum. Ríkið hefur stutt við slíka skógrækt í áratugi. Nauðsynlegt er að sá stuðningur skili sér í sem mestum gæðum hvað varðar afurðir skóga og atvinnutækifæri.

15.000 ha

ræktaðra skóga



Hvað varðar lönd í eigu ríkisins kemur fram í eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda frá árinu 2019 að skoðaðir verði möguleikar á náttúruvernd og endurheimt vistkerfa, s.s. votlendis og náttúruskóga, í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir.⁵

Úr tillögu að landsáætlun í skógrækt

„Tré vaxa mishratt og verða misstór, en það fer bæði eftir eðli þeirra sjálfra og skilyrðum á vaxtarstað. Birki hefur verið mest gróðursetta trjategundin héraendis undanfarinn áratug, en vex að jafnaði hægst og er minnst þeirra tegunda sem mest eru notaðar í íslenskri skógrækt. Af hinum aðaltegundunum vex alaskaösp hraðast en þarf til þess frjósamt land. Sitkagreni verður stærst en gerir einnig talsverðar kröfur til vaxtarskilyrða. Rússalerki og stafafura eru þar á milli og vaxa ágætlega á rýru landi. Því er hægt að velja leiðir til kolefnisbindingar, þar sem saman fer val á tegundum og landi sem skila mismikilli bindingu kolefnis og eru misskilvirkar.

Ræktun birkiskóga á rýru landi eða landi sem liggur hátt skilar tiltölulega hægri og lítilli bindingu í trjånunum en á móti kemur að sjálfsáning framtíðarinnar getur skilað sér í mun meiri útbreiðslu skóglendis en aðrar trjategundir eru líklegar til. Lögð er áhersla á að draga úr losun frá illa förnunum landi með skógrækt og endurheimt skóga þar sem viðsnúningur á kolefnisbúskap jarðvegs, frá losun til bindingar, er ekki síst mikilvægt atriði. Aukin binding í jarðvegi getur fylgt allri skógrækt og öllum jarðvegsgerðum, en huga þarf að viðhaldi þess jarðvegsforða við meðferð og endurnýjun skóga.“

⁵ Sjá nánar: <https://www.fsre.is/media/audlindir/Eigendastefna-rikisins-vegna-jarda-landa-loda-og-audlinda.pdf>

Markmið 2022-2031



Til að stuðla að því að Íslandi nái kolefnishlutleysi árið 2040, bindi eftir það meira kolefni en það losar og að náttúrumiðaðar lausnir sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingu séu ríkjandi verði unnið að eftirfarandi markmiðum til ársins 2031:

1. Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa
2. Auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa

Hver verður staðan 2031?



- Fjölbreyttar náttúrumiðaðar lausnir eru notaðar til að ná árangri í baráttunni gegn loftslagsvánni, sem mótvægisáðgerð og sem liður í aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Náttúrumiðaðar lausnir eru rauður þráður í landnotkun og stuðla að eflingu og vernd líffræðilegrar fjölbreytni og aukinni þjónustu vistkerfa.
- Náttúrumiðaðar lausnir auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og auka þanþol samfélaga.



3. Sjálfbær landnýting

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

- *Sjálfbær landnýting er grundvallarundirstaða sjálfbærs samfélags og tryggir að landnýting leiðir ekki til hnignunar á gæðum lands.*
-

Sjálfbær landnýting er grundvallarundirstaða sjálfbærs samfélags. Mælikvarðar á sjálfbærni eru félagslegir, efnahagslegir og umhverfislegir. Sé ekki tryggt að vistkerfi uppfylli lágmarkskröfur um ástand eru forsendur sjálfbærrar nýtingar brostnar. Sjálfbær landnýting nær til allra vistkerfa þ.m.t. votlendis, ræktarlands og skóga.

Ósjálfbær landnýting er ein af meginorsökum eyðingar og hnignunar vistkerfa hér á landi. Ósjálfbær landnýting hefur neikvæð áhrif á kolefnisbúskap landsins, líffræðilega fjölbreytni, virkni vistkerfa og framtíðarmöguleika samfélagsins. Í 9. gr. laga um landgræðslu kemur fram að nýting lands skuli vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir og þær endurheimtar eins og unnt er. Jafnframt skal viðgangur og virkni vistkerfa haldast. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni.

Úr tillögu að landgræðsluáætlun

„Á undanförunum áratugum hefur verið unnið að því að landnýting samræmist betur ástandi vistkerfa. Unnið hefur verið að því að draga úr beitarnýtingu lands sem er í slöku ástandi, minnka álag ferðaþjónustu á vistkerfi og draga úr raski á viðkvæmum svæðum með innviðaupbyggingu. Það hefur hamlað þessu starfi að ekki hefur verið samstaða um aðgerðir til að tryggja að landnýting sé í samræmi við ástand vistkerfa og heildstætt mat á ástandi lands sem fullnægi skilgreiningu laga þar um hefur ekki verið fyrir hendi.“

Leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu

Reglugerð með leiðbeiningum og viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu ber að setja samkvæmt landgræðslulögum. Sýnt þykir að meirihluti búfjár gengur á landi sem þolir nýtingu og að mörg þeirra svæða sem hafa verið í hvað verstu ástandi hafa nú þegar verið friðuð. Búfjárbeit er þó enn stunduð á nokkrum svæðum sem eru í slæmu ástandi. Því þarf að leita leiða í samstarfi við bændur, nytjaréttarhafa og sveitarfélög til að samræma nýtinguna viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu, og skilgreina þau lönd þar sem beitarnýting getur talist sjálfbær. Í því samhengi þarf að koma í veg fyrir beitarnýtingu á landi sem telst óbeitarhæft. Þetta má gera með tengingum við greiðslur samkvæmt búvörusamningum, hvötum til bænda sem miða að sjálfbærri landnýtingu, greiðslum fyrir samdrátt í losun kolefnis frá landinu og stuðningi við landbætur og/eða bætta beitarstjórnun.

Jafnframt er mikilvægt að innleiða viðmið fyrir jarðrækt og akuryrkju. Líklegt er að jarðrækt muni aukast á næstu árum, í ljósi umræðu um fæðuöryggi og bættra afbrigða til ræktunar. Meðferð lands til jarðræktar þarf að vera með sjálfbærum hætti þannig að jarðvegur rýrni ekki.

Úr tillögu að landsáætlun í skógrækt

„Fyrirkomulag beitar: Lausaganga sauðfjár verði stöðvuð, fyrst staðbundið og með tímanum á landinu öllu. Af öllum aðgerðum er þessi sú sem gæti stuðlað að mestum árangri við að auka útbreiðslu náttúruskóga og efla gróðurhulu landsins almennt. Vinna þarf með bændum, sveitarfélögum og stjórnvöldum að því að finna lausnir sem sátt getur myndast um. Þær geta verið margs konar en fela þó ávallt í sér að búfé sé haft á afmörkuðum svæðum. Best væri að bændur sjálfir tækju forystu í að finna þær lausnir og verða þeir hvattir til þess. Innleiða þarf fjárhagslega hvata á borð við girðingarstyrki eða að gæðastýringargreiðslur fáist fyrir að hafa fé innan hólfa.“

Sjálfbær nýting skóga

Lögð er áhersla á að ákvarðanir um áherslur í skógrækt taki mið af sjálfbærri nýtingu skóga og að fram fari reglulegt mat á stöðu skógræktar eftir skilgreindum viðmiðum og vísunum, m.a. með hliðsjón af leiðbeiningum Forest Europe.⁶ Þar er m.a. horft til stöðu skógarauðlindarinnar, skerf skóga í þágu loftslagsmála, heilsu skóga, framleiðslu og virðiskeðju skóga, stöðu líffræðilegrar fjölbreytni skóga, stöðu verndarhlutverks skóga og skerf skóga til samfélagsgæða.

Markmið 2022-2031



Til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og sjálfbærri nýtingu skóga verði unnið að eftirfarandi markmiði til ársins 2031:

1. Landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa

Hver verður staðan 2031?



- Landnýting um allt land uppfyllir sett viðmið um sjálfbæra landnýtingu og sjálfbæra nýtingu skóga.
- Nýting lands tekur mið af ástandi þess og vistgetu og stuðlar að viðgangi og virkni vistkerfa.
- Nýting lands verndar líffræðilega fjölbreytni, orku- og næringarforða og nauðsynlega jarðvegseiginleika fyrir virkni vistkerfisins.
- Röskuðum og hnignuðum vistkerfum hafa verið sköpuð skilyrði til endurnýjunar og til að ná upp eðlilegri virkni miðað við vistgetu.
- Verndun, sjálfbær nýting og endurheimt vistkerfa mætir breytilegum þörfum samfélagsins, eflir lífsgæði til framtíðar og stuðlar að líffræðilegri fjölbreytni.
- Stjórnarhættir, ákvarðanir og framkvæmdir tengdar landnýtingu eru skýr, byggja á náttúrumiðuðum lausnum og bestu fánlegu þekkingu hverju sinni.

⁶Sjá nánar: <https://foresteurope.org/>



4. Þekking, samstarf og lýðheilsa

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

- *Almenn þekking og skilningur á mikilvægi virkra og fjölbreyttra vistkerfa fyrir velsæld manna og annarra lífvera er grundvöllur sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.*
-

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda, eins og landvistkerfa, byggir á almennri þekkingu og skilningi innan samfélagsins á mikilvægi virkra og fjölbreyttra vistkerfa fyrir velsæld manna og annarra lífvera. Aukinn skilningur og þrýstingur er innan alþjóðasamfélagsins á að nýting endurnýjanlegra náttúruauðlinda byggist á getu þeirra til að viðhalda sér. Þess má skýrt sjá merki í framtíðarsýn áratugs Sameinuðu þjóðanna um endurheimt vistkerfa 2021-2030.⁷ Þar er sýnin sett á heimsmynd þar sem samband manns og náttúru hefur verið endurheimt, stærð virkra og fjölbreyttra vistkerfa vex ár frá ári og hnignun og eyðing vistkerfa heyrir sögunni til.

⁷ Sjá nánar: <https://www.decadeonrestoration.org/>

Samstarf og þekking

Til að stuðla að víðtæku samstarfi og virkri þátttöku fólksins í landinu í vernd, endurheimt og uppbyggingu vistkerfa og sjálfbærri nýtingu lands þarf að auka þekkingu á vistkerfum landsins. Þetta er best gert með fræðslu, góðu aðgengi að upplýsingum og markvissri þátttökunálgun og samstarfi. Með beinni þátttöku fólks og með samvinnu um málefni má virkja betur þann mannauð og þá þekkingu sem einstaklingarnir búa yfir. Þátttaka í verkefnum getur aukið áhuga og gagnkvæman skilning og þannig bætt langtímaáhrif verkefna. *Heklusjógar, Landbótasjóður og Landvöktun* innan verkefnisins *GróLindar* eru dæmi um verkefni sem hafa þátttökunálgun að leiðarljósi, sem og starf skógræktarféлага vítt og breitt um landið.

Skógræktin og Landgræðslan sinna fræðslu og miðlun upplýsinga til stjórnvalda og almennings. Um er að ræða lykilatriði til að viðhalda og auka skilning í samfélaginu á mikilvægi fjölbreyttra vistkerfa, vistkerfabjónustu og sjálfbærra nýtingar. Tækifæri eru til að samhæfa þessi verkefni betur á milli stofnananna tveggja og efla samstarf við sveitarfélög, mennastofnanir og frjáls félagasamtök á þessu sviði.

Landshluta- og svæðisáætlun

Vinna við svæðisáætlunir í landgræðslu og landshlutaáætlunir í skógrækt gegna lykilhlutverki til að móta áherslur eftir svæðum og hvernig best er unnið að þeim markmiðum sem fram koma í þessari stefnu. Þar verður einnig til vettvangur til að undirbyggja samstarf og sameiginlega sýn á verkefni.

Stuðningskerfi fyrir landeigendur og félagasamtök verða skoðuð í heild sinni, m.a. með hliðsjón af þeim markmiðum og áherslum sem sett eru fram í þessari stefnu, markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og fyrir líffræðilega fjölbreytni. Umtalsverðir fjármunir fara í stuðning við ýmis umhverfistengd verkefni og er mikilvægt að þeir nýtist sem best. Samhliða verður skoðað hvernig stuðningur í landbúnaði getur unnið sem best að þessum markmiðum.

Úr tillögu að landgræðsluáætlun

„Á grunni landgræðsluáætlunar verða gerðar svæðisáætlunir fyrir landgræðslu í virku samstarfi við sveitarfélög þannig að þær endurspegli mismunandi hagsmuni og aðstæður og hagaðila á hverju svæði. Jafnframt þarf að tryggja að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum grunn-gögnum og leiðbeiningum við skipulagsgerð, einkum upplýsingum um ástand vistkerfa og möguleikum á vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu þeirra til að nýta í sínu aðalskipulagi.“



Útivist og lýðheilsa

Skógar, einkum í grennd við þéttbýli, gagnast mörgum til útivistar. Flestir skógar við þéttbýli eru á vegum skógræktarféлага, oft á landi sveitarféлага. Því eru skógræktarfélag og sveitarfélag lykilaðilar til að vinna að framgangi þess að stuðla að markmiði um bættu lýðheilsu. Áfram verður stutt við skógræktarstarf skógræktarféлага og með áherslu á ræktun útivistarskóga í nágrenni þéttbýlis. Í því samhengi verður samningur ríkisins við Skógræktarfélag Íslands um landgræðsluskóga endurskoðaður með þessar áherslur í huga.

Skógar sem ræktaðir eru á ríkislandi eru opnir almenningi til útivistar. Þetta hlutverk þjóðskóganna verður áfram tryggt ásamt nauðsynlegum innviðum og viðhaldi þeirra. Til að stuðla að notkun skóga til útivistar er mikilvægt að byggja upp aðstöðu og aðgengi þar sem það á við, s.s. með merkingum, bílastæðum, göngustígum til vel hannaðra áningarstaða með salernisaðstöðu o.fl.

Úr tillögu að landsáætlun í skógrækt

„Skógar eru mikið notaðir til útivistar fyrir almenning, sérstaklega í grennd við þéttbýli. Útivist í skógi vöxnu umhverfi hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Notkun almennings á skógum til útivistar hefur því jákvæð lýðheilsuáhrif. Margt fólk nýtur þess einnig að taka þátt í skógræktarstarfi. Að gróðursetja tré getur haft jákvæð heilsufarsleg áhrif auk þess sem það getur verið vettvangur til að efla félagsleg tengsl. Samfélagslegi þátturinn fjallar einnig um hlutverk mismunandi aðila í skógræktarstarfinu, ekki síst sveitarféлага.“

Markmið 2022-2031



Til að stuðla að víðtæku samstarfi og virkri þátttöku fólksins í landinu í vernd, endurheimt og uppbyggingu vistkerfa og sjálfbærri nýtingu verði unnið að eftirfarandi markmiðum til ársins 2031:

1. Efla þáttökunálganir í undirbúningi og framkvæmd aðgerða í landgræðslu og skógrækt
2. Auka þekkingu almennings á mikilvægi virkra vistkerfa og efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist

Hver verður staðan 2031?



- Íbúar landsins upplifa sig sem hluta af náttúrunni og vilja vernda hana og nýta auðlindir hennar á sjálfbæran hátt.
- Vistlæsi er almenn í samfélaginu, sem og þekking og skilningur á hlutverki jarðvegs og gróðurs í virkni og fjölbreytni vistkerfa og á áhrifum ósjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda á ástand vistkerfa.
- Almennur skilningur er til staðar á orsakasamhenginu á milli ástands vistkerfa og loftslagshamfara, möguleika á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og stöðu líffræðilegrar fjölbreytni.
- Upplýsingagjöf og hvatakerfi sem ýta undir þátttöku, samvinnu, stuðning og frumkvæði almennings, fyrirtækja og félagasamtaka í vernd, endurheimt og uppbyggingu vistkerfa, með og án aðkomu hins opinbera.



5. Jákvæð byggðapróun

Hvers vegna er þetta mikilvægt?

- *Aukin landgæði geta stuðlað að eflingu byggða um allt land og aukið tækifæri á grunni þeirra.*
- *Veruleg verðmæti geta falist í afurðum vel ræktaðra skóga sem fjölga atvinnutækifærum og styrkja byggðir um allt land.*

Skógrækt og landgræðsla og öll þau verkefni sem þessi viðfangsefni fela í sér geta skapað atvinnu og eflt byggð, aukið seiglu samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum og stuðlað að jákvæðri byggðapróun. Með þessu skapast einnig tækifæri í að byggja upp ímynd byggða á traustum stöðum sjálfbærrar nýtingar, verndunar og endurheimtar vistkerfa.

Stjórnvöld hafa um áratuga skeið lagt á það áherslu að til verði skógarauðlind sem verði grunnur að atvinnu víða um land. Áfram verður unnið að því að byggja upp skógarauðlind, með áherslu á þau skógræktarsvæði sem þegar hafa verið skilgreind og að efla gæði þeirrar ræktunar sem þar er stunduð. Jafnframt að leitað sé samlegðar með annarri starfsemi s.s. öðrum landbúnaði.

Landshluta- og svæðisáætlun

Unnið verður sameiginlega að gerð svæðisáætlana í landgræðslu og landshlutaáætlunum í skógrækt í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög, landeigendur og aðra

hagsmunaaðila um hvernig best er unnið að þeim markmiðum sem fram koma í þessari stefnu með hliðsjón af landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum og annarri stefnu-mörkun stjórnvalda. Með því er grunnur lagður að sameiginlegri sýn á þau tækifæri sem liggja í sjálfbærri nýtingu lands, uppbyggingu auðlinda og endurheimt vistkerfa.

Úr tillögu að landgræðsluáætlun

„Ef stefna stjórnvalda um að viðhalda dreifðum byggðum á að ná fram að ganga þarf landnýting því áfram að styðja við atvinnu og byggðir til langframa og þar af leiðandi að vera sjálfbær umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega. Því er mikilvægt að stuðla að því að landnýting verði sjálfbær og að breytingin yfir í það gefi ný sóknarfæri og styrki þannig atvinnu og byggð og gefi ný sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir. Mikill árangur hefur náðst í samstarfi bænda og Landgræðslunnar við landbótaverkefni og mikilvægt að efla það samstarf enn frekar.“

Skógarafurðir

Verðmætasköpun úr skógum er háð góðu hráefni, sem verður til við notkun gjöfilla trjáteguna í skógrækt og með vandaðri meðferð skóga, einkum grisjun, sem leiðir til þess að vöxtur skógarins færast yfir á betri trén. Aukin framlög til snemmgrisjunar eru helstu hvatarnir, en einnig fræðsla um grisjun og aðra meðferð skóga. Jafnframt þarf að efla virðiskeðjuna fyrir hvers kyns skógarafurðir með stuðningi við þróun, úrvinnslu og nýsköpun. Einnig verður unnið að því að færa úrvinnslu skógarafurða og markaðsþróun sem er hjá Skógræktinni yfir til einkaaðila á þann hátt og þeim hraða að úrvinnsla og markaðir eflist í leiðinni.

Þróun á úrvinnslu skógarafurða og mörkuðum fyrir skógarafurðir hefur að mestu farið fram á vegum Skógræktarinnar hingað til. Á liðnum árum hafa þó æ fleiri aðilar sýnt þessu áhuga. Nú framleiða a.m.k. sex einkafyrirtæki vörur úr íslenskum skógarafurðum, auk nokkurra skógræktarfélaganna og allmargra handverksmanna og hönnuða. Framtíðin felst í því að einkaaðilar komi sterkar inn í virðiskeðju skógarafurða. Hlutverk Skógræktarinnar þarf að þróast yfir í að hvetja frekar en að leiða í því sambandi.

Meðal nýsköpunarmöguleika sem geta haft mikla þýðingu er notkun innlands timburs við húsbýggingar í meira mæli en verið hefur, einkum í staðinn fyrir steinsteypu. Þessu getur því fylgt til framtíðar atvinnusköpun, stuðningi við byggð í dreifbýli, aukinni fjölbreytni í tekjumöguleikum bænda, nýtingu ónýttts lands til verðmætasköpunar, minni þörf á innflutningi skógarafurða, minnkuðu kolefnisspori og aukinni kolefnisbindingu í skógum og viðarafurðum.

Úr tillögu landsáætlun í skógrækt

„Stefnt verður að áframhaldandi uppbyggingu innlendrar skógarauðlindar til nytja, verndar og endurheimtar. Reynsla undanfarinna áratuga sýnir að hægt er að framleiða fjölda skógarafurða innanlands og í leiðinni skapa störf, efla byggð og minnka kolefnisfótspor vegna innflutnings. Sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi í nytjum jafnt sem ræktun. Timburöryggi, sbr. fæðuöryggi, er ekki atriði þegar allt leikur í lyndi, en efnahagskreppur og styrjaldir hafa áður gert innflutning erfiðan og eiga eflaust eftir að gera það aftur. Því er nauðsynlegt að eiga skógarauðlind til nytja, þó ekki sé nema til að mæta brýnustu þörfum þegar að kreppir.“

Markmið 2022-2031



Til að stuðla að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggða um allt land með sjálfbærni að leiðarljósi verði unnið að eftirfarandi markmiðum til ársins 2031:

1. Landnýting styður við atvinnu og byggðir í landinu
2. Auka verðmæti skógarafurða

Hver verður staðan 2031?



- Nýting skóga er sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið.
- Landbúnaðarstyrkir þar sem efling búsetu, vernd og endurheimt vistkerfa eru tengd við allar þrjár grunnstoðir sjálfbærni.
- Ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja sem skapar atvinnu og eflir byggð.
- Greiðslur til að endurheimta hnignuð vistkerfi með framtíðarnýtingu lands í huga eru hluti af styrkjum til landbúnaðarframleiðslu.



Viðauki I:

Tillögur verkefnastjórna

Stutt samantekt á framtíðarsýn og markmiðum úr tillögum verkefnisstjórna að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt, auk helstu atriða minnihlutaálits. Tillögurnar í heild sinni, auk minnihlutaálits og samantekt athugasemda úr samráðsferli, má nálgast á vefsíðu matvælaráðuneytisins.⁸

Tillaga að landgræðsluáætlun

Í 6. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 kemur fram að í landgræðsluáætlun skal meðal annars gerð grein fyrir hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla megi og endurheimta röskuð vistkerfi. Settar skulu fram tillögur um breytingar á nýtingu lands þar sem það á við, t.d. varðandi friðun fyrir tiltekinni nýtingu. Í áætluninni skal einnig gerð grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu og henni er ætlað að stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd. Horfa skal til hvernig nýta megi betur fjármagn og mannafla og samþætta áætlunina við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga sem og alþjóðlegar skuldbindingar.

Tillögu verkefnisstjórnar að landgræðsluáætlun var skilað til ráðuneytisins í ágúst 2021 að loknu opnu umsagnarferli. Í tillögunni var sett fram svohljóðandi framtíðarsýn:

Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu. Vernd vistkerfa er grunnstefi allri stefnumótun og ákvörðunum tengdri nýtingu þeirra. Nýting vistkerfa er sjálfbær og þau hafa mikið þanþol og öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski. Vistkerfin geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í framlagi Íslands við að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim.

Verkefnisstjórn landgræðsluáætlunar setti fram þrjú meginmarkmið og ellefu markmið í tillögunni:

1. Vistkerfi heil og fjölbreytt, í samræmi við vistgetu

- Vernda heil vistkerfi og endurheimta röskuð
- Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa
- Auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa
- Takmarka rask vistkerfa af völdum ágengra framandi tegunda

2. Landnýting sjálfbær og náttúrumiðaðar lausnir ríkjandi

- Landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa

⁸Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/04/01/Tillogur-ad-landsaaet-lun-i-skograekt-og-landgraedsluaaetlun-samraemdar-i-matvaelaraduneytinu/>

- b. Hnignun vistkerfa vegna landnýtingar hefur verið stöðvuð
- c. Landnýting styður við byggðir og atvinnu í landinu
- d. Náttúrumiðaðar lausnir við framkvæmdir

3. Almenn þekking og víðtækt samstarf um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa

- a. Almenn þekking á mikilvægi virkra og fjölbreyttra vistkerfa og sjálfbærrar nýtingar lands
- b. Þátttökunálganir og samstarf við vernd og endurheimt vistkerfa
- c. Fjármögnun verndar- og endurheimtarverkefna

Tillaga að landsáætlun í skógrækt

Í 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 kemur fram að í landsáætlun í skógrækt skal fjalla um stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt. Nánar tiltekið skal í áætluninni gerð grein fyrir m.a. forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags, vernd og endurheimt náttúruskóga, sjálfbærri nýtingu skóga, áhrifum skógræktar á atvinnuþróun og byggð, aðgengi fólks að skógum til útivistar, skógrækt í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni og skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga. Horfa skal til þess hvernig ná má fram hagkvæmri notkun fjármagns, mannafla og samþættingu við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga.

Tillögu verkefnisstjórnar að landsáætlun í skógrækt var skilað til ráðuneytisins í febrúar 2022 að loknu opnu umsagnarferli. Í tillögunni var sett fram svohljóðandi framtíðarsýn:

Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður meðal lykilatriða í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Í framhaldinu verða skógar snar þáttur í að Ísland bindi meira kolefni en það losar. Þetta þarf að gerast á þann hátt að það styðji áframhaldandi uppbyggingu og þróun annarra gæða skóga, svo sem skógartengda atvinnuþróun, hina ýmsu umhverfisþjónustu skóga og samfélagsleg hlutverk þeirra, og án þess að ganga á önnur umhverfisleg, samfélagsleg og hagræn gæði. Sjálfbærni er og verður leiðarljós skógræktar.

Verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt setti fram fimm meginmarkmið og ellefu markmið í tillögunni:

1. Skógrækt stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins.

- a. Ákvarðanir um áherslur í skógrækt taki mið af sjálfbærri þróun samfélagsins og skilgreiningunni á sjálfbærri skógrækt.

- 2. Skógar og skógrækt verði lykilþættir í því að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040 og bindi eftir það meira kolefni en það losar. Skógar verði jafnframt aðlagðir loftslagsbreytingum.**
 - a. Grunnur verði lagður að árlegri bindingu 500.000 tonna CO₂-ígilda fyrir árið 2040, umfram það sem var árið 2020, sem þýðir að stofna þurfi til skógar á um 60.000 ha lands (0,6% landsins) á næstu 20 árum, eða á um 3.000 ha árlega.
 - b. Skógar verði aðlagðir þeim loftslagsbreytingum sem óhjákvæmilegt er að verði. Þeir verði heilbrigðir og hafi aðlögunarhæfni og þanþol til að mæta áföllum.
- 3. Skógrækt og skógarnytjar stuðli að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi.**
 - a. Árið 2030 vaxi skógur til nytja (viðar og annarra afurða) á um 55.000 ha lands eða 0,55% landsins (þ.e.a.s. 40.000 ha núverandi nytjaskógar auk 15.000 ha aukalega næstu 10 árin). Hafin verður umtalsverð framleiðsla viðarafurða og annarra gæða til innanlandsnota og útflutnings og skapi atvinnu og fjölbreytt verðmæti.
 - b. Úrvinnsla og sala innlendra skógarafurða aukist. Brúttósala nemi minnst kr. 200 milljónum árið 2025.
- 4. Skógrækt og skógvernd stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, vernd og aukna útbreiðslu náttúruskóga og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.**
 - a. Vernda og efla skóga og skógarleifar sem fyrir eru, í þágu líffræðilegrar fjölbreytni og viðhalds kolefnisforða.
 - b. Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi.
 - c. Skógar stuðli að aukinni líffræðilegri fjölbreytni og góðri stöðu annarra umhverfisþátta.
- 5. Skógar og skógrækt stuðli að auknum útivistarmöguleikum almennings og bættri lýðheilsu. Stuðlað verði að þátttöku almennings í skógræktarstarfi.**
 - a. Efla skal hlutverk skóga í að stuðla að útivist almennings, bættri lýðheilsu og þátttöku í félagsstarfi.
 - b. Allir skógar verði almennt opnir almenningi til útivistar.
 - c. Skógrækt verði í sátt við og studd af sveitarfélögum landsins, fyrirtækjum, félögum og almenningi.

Minnihlutaálit vegna tillögu að landsáætlun í skógrækt

Minnihlutaáliti tveggja meðlima verkefnisstjórnar við gerð tillögu að landsáætlun í skógrækt var skilað í febrúar 2022 til ráðuneytisins og voru helstu athugasemdir sem komu fram í minnihlutaálitinu eftirfarandi:

1. Í fjölmörgum þeirra athugasemda sem gerðar voru við drög að landsáætlun var tekið undir fyrri varúðarsjónarmið okkar varðandi hugsanleg áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni og óvarlega notkun á innfluttum trjátegundum sem numið geta land og dreift sér um íslenska náttúru. Meðal þeirra sem tóku undir varúðarsjónarmið voru helstu stofnanir landsins á sviði náttúruvísinda og landnotkunar, fagfélög í náttúrufræði, náttúruverndarsamtök og náttúruvísindafólk.
2. Aðferðafræði við gerð áætlunarinnar er verulega ábótavant einkum hvað varðar greiningu mismunandi kosta og mat á umhverfisáhrifum sbr. athugasemdir Skipulagsstofnunar.
3. Samþætta þarf áætlunina öðrum áætlunum ríkis og sveitarfélaga, og alþjóðlegum skuldbindingum eins og áskilið var í erindisbréfi verkefnisstjórnar. Meðal annars þarf að útskýra betur hvernig drög að landsáætlun samrýmast landsskipulagsstefnu og tillögu að viðaukum hennar og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Enn fremur hvernig hún samræmist alþjóðlegum samningum s.s. Bernarsamningnum.
4. Vísindalegur grundvöllur að drögum að landsáætlun er veikur og að svo stöddu er ekki hægt að meta hvort áætlunin hefur neikvæð eða jákvæð áhrif á náttúru landsins. Því er nauðsynlegt að beita lögbundinni varúð á meðan vitneskju skortir.
5. Vinna þarf hlutlaust áhættumat á því hvort þær innfluttu trjátegundir sem drög að landsáætlun gera ráð fyrir að verði notaðar, geti numið land og orðið ágengar hér á landi áður en þær verða notaðar frekar í skógrækt á Íslandi.
6. Stjórnvöld þurfa að takast á við bæði loftslagsbreytingar og rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, mikilvægt er að opinber framlög til þessara viðfangsefna nýtist hvoru tveggja og að aðgerðir vinni ekki gegn hver annarri.

Viðauki II:

Orðskýringar

Orðskýringar úr lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, lögum um landgræðslu nr. 155/2018, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 og lögum um búfjárhald nr. 38/2013.

Ábyrgðartegund: Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að stór hluti útbreiðslusvæðis tegundarinnar á Evrópu- eða heimsvísu er hér á landi eða stór hluti stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári.

Ágeng framandi lífvera: Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnun líf-fræðilegrar fjölbreytni.

Ástand lands: Eiginleikar og samsetning gróðurs og jarðvegs í vistkerfum viðkomandi landsvæðis í samanburði við það sem telja má eðlilegt miðað við náttúrulegar aðstæður.

Binding kolefnis úr andrúmslofti: Það að fjarlægja frumefnið kolefni úr andrúmslofti með tilteknum aðgerðum.

Búsvæði: Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrífist.

Endurheimt skógar: Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfabjónustu náttúruskóga í það horf að þeir nái að þróast án hnignunar.

Endurheimt vistkerfa: Það ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfabjónustu í það horf að vistkerfið nái að þróast án hnignunar.

Framandi lífverur: Tegund eða lægri flokkunareining, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. lífhlutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði.

Friðað svæði: Land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.

Grisjun: Framkvæmd sem felur í sér fellingu einstakra trjáa í skógi áður en þau hafa náð þeim aldri sem ætlað er að þau nái við fellingu, með það að markmiði m.a. að bæta vaxtarskilyrði trjáanna sem eftir standa.

Jarðvegur: Hluti lífheimsins undir yfirborði jarðar þar sem efnabreytingar mynda moldar-efni. Jarðvegurinn er jafnframt hluti vistkerfa og þjónar þeim á marga vegu, m.a. sem hlekkur í hringrásum næringarefna og vatns.

Koldíoxíðsigildi: Eitt tonn af koldíoxíðsigildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hnatthlýnunarmátt.

Kolefnisjöfnuður: Mælikvarði á hlutfallslega losun eða bindingu kolefnis yfir ákveðið tímabil, t.d. fyrir ákveðið landsvæði. Þannig er kolefnisjöfnuðurinn jákvæður ef meira kolefni safnast fyrir (binnt) í vistkerfi svæðisins en losnar. Kolefnisjöfnuður er yfirleitt mældur í tonnum CO₂.⁹

Kolefnishlutleysi: Ástand þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því engin.

Landgræðsla: Samheiti yfir alla starfsemi og aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg með ákveðin markmið að leiðarljósi.

Lausaganga: Þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.

Lausagöngubann: Bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélag í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.

Líffræðileg fjölbreytni: Breytileiki meðal lífandi vera á öllum skipulagsstigum lífs, þar á meðal í vistkerfum á landi, í sjó og í ferskvatni. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa.

Náttúrumiðaðar lausnir: aðgerðir sem ætlað er að vernda, viðhalda með sjálfbærum hætti og endurheimta náttúruleg eða breytt vistkerfi og takast með áhrifaríkum hætti og aðlögun á við samfélagslegar áskoranir ásamt því að efla velsæld mannkyns og líffræðilega fjölbreytni.

Náttúruskógur: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Tegund: Ákveðinn hópur lífvera sem afmarkaður er samkvæmt líffræðilegum viðmiðum.

⁹ Orðskýring frá Landgræðslunni.

Sjálfbær landnýting: Nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni, sbr. 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018.

Sjálfbær nýting skóga: Ræktun, umsjón og nýting skóga og skóglendis sem er hagað þannig að eflid er til frambúðar líffræðileg fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun og þróttur skóga og gætt að samfélagslegum, hagrænum og vistfræðilegum þáttum og áhrifum á önnur vistkerfi nær og fjær.

Skógrækt: Öll sú starfsemi sem snýr að vernd, endurheimt, ræktun, umhirðu, nýtingu og endurnýjun skóga, þ.m.t. rannsóknir, ráðgjöf, áætlanagerð og verklegar framkvæmdir.

Skógur: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju.

Vistgerðir: Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.

Vistgeta: Vistgeta (e. land potential) endurspeglar þá vistkerfisþjónustu sem vistkerfi á að geta veitt. Fyrir þurrlandi ræðst vistgeta af loftslagi, landslagi og þeim jarðvegi sem þar ætti að ríkja og endurspeglar þá líffræðilegu fjölbreytni gróðurs og jarðvegs sem ætti að vera til staðar í öröskuðu vistkerfi. Til samanburðar er svo hugtakið „landgeta“, en það endurspeglar þá vistkerfisþjónustu sem land getur veitt miðað við núverandi ástand jarðvegs og gróðurs.¹⁰

Vistkerfajónusta: Ábati sem menn njóta af vistkerfum náttúrunnar, svo sem fæða, vatn, útivist og útsýni.

Vistkerfi: Safn lífvera sem hafast við í afmörkuðu rými af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífveranna og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfisþætti sem tilheyra kerfinu, svo sem loft, vatn, jarðveg og sólarljós.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

¹⁰ Orðskýring frá Landgræðslunni.

